

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega  
verndun fiskimiða landgrunnsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir orðunum „innan endimarkna landgrunnsins“ í 1. málslíð 1. málsgreinar  
1. gr. laganna komi orðin: eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu.

## 2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viður-  
lögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með  
botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960, um tak-  
markað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftir-  
liti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breyt-  
ingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum  
frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem hafi það að mark-  
miði að kanna hagkvæmni og aðstæður til að koma á fót og reka verksmiðju til  
að framleiða fiskkassa, flutningspalla og aðrar sambærilegar vörur úr plasti, og  
stuðla að því, að slíkt fyrirtæki verði stofnað.

## 2. gr.

Til aðildar að stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr. er ríkisstjórn-  
inni heimilt að kveðja hvers konar aðila, innlenda, sem áhuga hafa á málinu.